

**Ed.**

**995. Nefndarálit**

[382. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og sent það til umsagnar til stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins, Starfsmannafélags Sementsverksmiðju ríkisins, bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar, Sambands byggingamanna og Félags ísl. iðnrekenda. Allir sendu nefndinni svör nema sá síðast taldi. Þá komu á fund nefndarinnar framkvæmdastjórar Sementsverksmiðjunnar, þeir dr. Guðmundur Guðmundsson og Gylfi Þórðarson, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar, Ingi-mundur Sigurpálsson, og forstjóri Kaupþings hf., Pétur Blöndal, en Kaupþing hf. gerði úttekt á starfsemi verksmiðjunnar á árinu 1984.

Að mati minni hl. hefur ekkert komið fram við umfjöllun iðnaðarnefndar um frv. sem mælir með samþykkt þess. Minni hl. telur fráleitt að breyta eignagrundvelli Sementsverksmiðju ríkisins án þess að til þess liggi gild rök.

Minni hl. nefndarinnar leggur því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 22. maí 1985.

Karl Steinar Guðnason,  
fundaskr.

Skúli Alexandersson,  
frsm.

Davíð Aðalsteinsson.

### Fylgiskjal I.

#### UMSÖGN STARFSMANNAFÉLAGS SEMENTSVERKSMIÐJU RÍKISINS um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, 382. mál.

Iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis.  
Þorv. Garðar Kristjánsson, form.

Akranesi, 18. apríl 1985.

Varðandi bréf yðar dags. 28. mars 1985:

Haldinn var starfsmannafundur 17. apríl 1985, mættir voru 75 starfsmenn.

Þar var eftirfarandi tillaga samþykkt með um 70 atkv. gegn einu:

„Starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi hafa kynnt sér efni frumvarps til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Við fögnum því að háttvirt Alþingi skuli ætla að setja löggjöf um Sementsverksmiðju ríkisins en sjáum ekki að nægileg rök styðji það að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Við teljum rétt að það verði áfram í ríkiseign.

Hvað stjórnun fyrirtækisins varðar þá teljum við ábyrgð stjórnenda þá sömu gagnvart ríkinu sem eiganda og hluthöfum þó að vissulega geti breytingar á núverandi fyrirkomulagi verið æskilegar.

Ekki er ljóst hvort einhverjir starfsmenn kynnu að hafa hug á hlutabréfakaupum þar eð engar verðupplýsingar er að finna í umræddu frumvarpi til að byggja slíkar ákvarðanir á.“

Væntum við þess að háttvirt Alþingi taki fullt tillit til umsagnar starfsmanna.

Virðingarfyllst,  
f. h. starfsmanna S.R.  
Snorri Hjartarson, form. S.F.S.R.  
(sign.)

## Fylgiskjal II.

### UMSÖGN STJÓRNAR SEMENTSVERKSMIÐJU RÍKISINS.

Iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis.  
Þorv. Garðar Kristjánsson, form.

Akranesi, 3. maí 1985.

Á fundi stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins 30. apríl s. l. var tekið til afgreiðslu erindi frá yður þar sem óskað var eftir álitum stjórnar verksmiðjunnar á stjórnarfrumvarpi um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Meðfylgjandi er sá hluti fundargerðar sem fjallar um afgreiðslu málsins.

Virðingarfyllst,  
f. h. Sementsverksmiðju ríkisins,  
Gylfi Þórðarson.  
(sign.)

#### **Fundargerð.**

Þriðjudaginn 30. apríl 1985 hélt stjórn Sementsverksmiðju ríkisins fund að Hótel Loftleiðum í Reykjavík og hófst hann kl. 19. Allir stjórnarmenn mættir og enn fremur báðir framkvæmdastjórnar verksmiðjunnar.

#### **Bréf iðnaðarnefndar Ed. Alþingis frá 28. mars 1985.**

Haldið var áfram umræðum frá síðasta fundi um frumvarp iðnaðarráðherra um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, 382. mál. Þá var lagt fram bréf iðnaðarnefndar Ed. dags. 18. apríl um breytingu á nefndu frumvarpi er einnig var tekið til umræðu.

Málið í heild var síðan rætt ítarlega af öllum stjórnarmönnum og lýstu þeir skoðunum sínum á frumvarpi iðnaðarráðherra.

Að umræðu lokinni komu fram tvær álitgerðir um frumvarp iðnaðarráðherra. Fjórir stjórnarmenn stóðu að álitgerð þar sem lagt var til að frumvarpið yrði fellt eða því vísað frá. Það voru þeir: Skúli Alexandersson, Daníel Ágústínusson, Sigurjón Hannesson og Friðjón Þórðarson. Sá síðastnefndi með fyrirvara.

#### **Álitgerð fjögurra stjórnarmanna gegn frumvarpinu.**

„Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Ed. Alþingis frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Frumvarp þetta var rætt á fundum stjórnarinnar 10. apríl og 30. apríl.

Við undirritaðir stjórnarmenn erum andvígir frumvarpinu m. a. af eftirgreindum ástæðum:

1. Við teljum að sú breyting á eignarformi verksmiðjunnar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þurfi annaðhvort að byggjast á einhverjum vandkvæðum, sem komið hafa upp í rekstrinum á liðnum árum, eða að skilmerkileg rök séu fyrir því að breyting verksmiðjunnar í hlutafélag gefi betri rekstrargrundvöll. Hvorugt hefur hér átt sér stað. Í greinargerð með frumvarpinu felast engin rök fyrir umræddri breytingu og saga verksmiðjunnar í tæp 30 ár talar öll gegn henni.

2. Hagur verksmiðjunnar og rekstrarhorfur hafa sjaldnar verið betri en einmitt nú, á þeim 27 árum sem verksmiðjan hefur starfað.

Í því sambandi skal bent á þessi atriði:

- a. Tapreksturinn, sem verksmiðjan bjó við — nú síðast árin 1978—1981 — vegna ranglátra verðlagsáskvarðana ríkisvaldsins, hefur breytst í hagnað árin 1982—1984. Söluverð á sementi fékkst hækkað í samræmi við framleiðslukostnaðinn og einnig með tilliti til útgjalda verksmiðjunnar af samansöfnuðum reksturshalla fyrri ára.
  - b. Á miðju ári 1983 voru tekin í notkun kolakyndingartæki í verksmiðjunni sem höfðu í för með sér sparnað í rekstri hennar sem nemur árlega tugum milljóna. Hin gífurlega olíuhækkun á síðari árum var mikið vandamál sem brugðist var við á réttan hátt.
  - c. Rykhreinsitæki verksmiðjunnar hafa verið aukin og endurbætt á síðustu árum fyrir miklar fjárhæðir, svo og annar tækjabúnaður sem leiða mun til sparnaðar og hagkvæmni í rekstri hennar.
  - d. Eftir að blöndun hófst í sementið á kísilryki frá Grundartanga hefur það verið viðurkennt sem gæðavara sem stæðist samanburð við hvaða sement sem er. Hefur framleiðsla verksmiðjunnar aldrei fyrir notið jafn mikils álits.
3. Við síðustu áramót var eigin fjárstaða verksmiðjunnar kr. 229 millj. og langtímaskuldir kr. 153 millj. og höfðu lækkað á liðnu ári um kr. 24 millj. Skammtímaskuldir voru aðeins kr. 3 millj. hærrí en veltufjármunir verksmiðjunnar á sama tíma.

Með sömu þróun verða langtímaskuldir verksmiðjunnar í lok næsta árs — 1986 — komnar niður fyrir kr. 100 millj. sem er innan við 25% af brúttóframleiðslu verksmiðjunnar á s. l. ári. Eftir það ættu skuldir hennar ekki að verða fjötur um fót né valda erfiðleikum í rekstri verksmiðjunnar á nokkurn hátt.

Hagnaður verksmiðjunnar 1984 var kr. 3,3 millj. og afskriftir kr. 65 millj. Verksmiðjan þurfti því ekki að taka ný lán á árinu — þó var lagt í margvíslegar endurbætur á rekstri hennar.

Í greinargerð frumvarpsins segir:

„Enn er þetta fyrirtæki í uppbyggingu eftir að hafa starfað rúman aldarfjórðung. Skuldir þess eru miklar og er ljóst að æskilegt er að grynna á þeim og greiða niður þungbær lán. Ein leiðin til þess er að mynda hlutafélag um verksmiðjuna og selja almennum markaði hlutabréf í henni.“

Framangreind málsgrein ber vott um vanþekkingu þeirra sem að frumvarpinu standa. Hún á jafnframt að vera þungamiðja frumvarpsins, sem sé að létta fjárhagsþyrði verksmiðjunnar með innborguðu hlutafé. Þetta er vert að athuga nánar.

Skuldir verksmiðjunnar hafa lækkað verulega s. l. 2 ár, eins og rakið er hér að framan. Þær munu lækka næstu 2 árin um kr. 60—65 millj. haldist reksturinn í svipuðu horfi og hann var tvö undanfarin ár. Eftir það verða skuldirnar ekkert vandamál fyrir verksmiðjuna. Sparnaður sá, sem verður af kolakyndingunni í stað olíu, á stærsta þáttinn í bættum hag verksmiðjunnar. Þetta gerist þrátt fyrir mikið fé sem varið hefur verið í kaup á margvíslegum tækjum sem skila betri og hagkvæmari rekstri, mengunarvörnum og umhverfismálum. Öllum þessum þáttum hefur skilað vel áfram hin síðustu ár. Allt tal um „þungbær lán“ eru því gervirök sem ekki eiga lengur við. Erum við undrandi á því að slíku skuli haldið fram á sama tíma sem skuldir verksmiðjunnar lækka um nokkra tugi milljóna á hverju ári og áætlun um að svo verði hin næstu. Þetta getur hver sem vill sannfært sig um með því að líta á reikninga verksmiðjunnar og áætlanir.

4. Það er mjög óraunhæft og nánast út í bláinn að gera ráð fyrir miklu fjárstreymi inn í verksmiðjuna þótt henni yrði breytt í hlutafélag. Það eru ekki neinar líkur á því að þeir aðilar „sem áhuga hafa á hagkvæmum rekstri þessa fyrirtækis“ leggi því fé í formi hlutafjár.

Í fyrsta lagi vita allir sem vilja vita að Sementsverksmiðja ríkisins þarf ekki á neinu björgunarliði að halda til að tryggja góðan rekstur. Henni nægja heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir. Í öðru lagi hafa fjármagnseigendur svo marga og betri kosti fyrir lausafé sitt þegar litið er til auglýsinga bankanna og ríkissjóðs á liðnum mánuðum sem gefa hærri vexti og óverulega bindingu fjármagnsins. Í þriðja lagi eru engar líkur fyrir því að fjármagnseigendur bindi fé sitt í 27 ára gömlu ríkisfyrirtæki sem lýtur eftir sem áður stjórn ríkisins og er háð verðlagsákvörðun þess með framleiðslu sína. Það er því mjög ólíklegt að slíkt hlutafé skili sambærilegum arði og bankar og ríkissjóður. Talið er að eignir Sementsverksmiðjunnar yrðu nú metnar á kr. 800 millj. og nýbygging mundi kosta verulega hærri upphæð. Tekjuafgangur verksmiðjunnar þyrfti að vera kr. 112 millj. á ári, svo að hlutaféð gæfi 14% í arð sem ekki yrði talið sérlega hátt. Varla er þetta leið til lækkunar á sementsverði.

Þar sem Sementsverksmiðja ríkisins er eini sementsframleiðandinn í landinu verður að gera ráð fyrir afskiptum ríkisins af verðlagningu sements — hér eftir sem hingað til. Sementið er veigamikill þáttur í byggingarvísitölunni sem snertir marga þætti þjóðlífsins. Það er því ekki líklegt að Sementsverksmiðjan verði nokkurn tíma gróðafyrirtæki fyrir fjármagnseigendur í landinu og heldur ekki æskilegt að rekstri hennar verði hagað með afkomu þeirra að leiðarljósi. Það virðist því liggja ljóst fyrir að engar líkur eru fyrir því að þeir sem taldir eru upp í greinargerð frumvarpsins hafi áhuga á þátttöku í rekstri verksmiðjunnar né óski eftir að festa þar fé sitt.

5. Það hefur komið í ljós að stafsmenn S.R. eru einhuga á móti frumvarpi þessu og telja það ekki þjóna neinum tilgangi né rökstutt á nokkurn hátt. Ánægðir og góðir starfsmenn eru kjölfestan í hverju fyrirtæki. Svo er það með S.R. þar sem fjöldi stafsmanna hefur unnið þar mjög lengi og margir frá fyrstu tíð enda þrautþjálfaðir í störfum sínum. Frumvarp þetta raskar stöðu starfsmanna sem ekki er hægt að ætlast til að þeir séu ánægðir með. Fram hjá þessu atriði verður ekki gengið.
6. Skv. 4. gr. frumvarpsins „fer iðnaðarráðherra með eignarhlut ríkisins í félaginu“.

Frá upphafi hefur Alþingi kjörið stjórn S.R. til fjögurra ára í senn. Stjórnina hafa lengst af skipað fimm menn. Með því móti hafa stærstu flokkar þingsins átt þar fulltrúa og getað fylgst með rekstri verksmiðjunnar. Hefur það form reynst vel og komið í veg fyrir tortryggni og skapað frið um fyrirtækið í meginatriðum.

Með frumvarpinu er hér gert ráð fyrir gjörbreytingu, þar sem iðnaðarráðherra á að skipa flesta eða alla stjórnarmennina. Er alveg óeðlilegt að Alþingi afhendi pólitískum ráðherra slíkt vald og gæti svo farið að stjórn verksmiðjunnar væri á hverjum tíma eingöngu skipuð flokksmönnum iðnaðarráðherra. Það gæti skapað illvígar deilur um verksmiðjuna og reynst henni hættulegar. Sú staða gæti einnig komið upp eftir stjórnarskipti að öll stjórnin væri í andstöðu við iðnaðarráðherra, þar til skipunartíma hennar lýkur. Það er einnig óeðlilegt. Þetta ákvæði eitt sér er alveg fráleitt og andstætt lýðræðinu í landinu.

7. Við erum þeirrar skoðunar að setja þurfi verksmiðjunni lög og er löngu kominn tími til þess. Hins vegar teljum við engin rök fyrir því að breyta vel reknu ríkisfyrirtæki í hlutafélag. Það er skoðun okkar að ríkisrekstur, sem vel hefur reynst, eigi að halda velli og hlutafélög séu engin sjálfsögð rekstrarform — yfir önnur hafin — þótt vel gæti gefist. Gróðasjónarmiðin eiga ekki alltaf rétt á sér. Sementsverksmiðjan er dæmigert ríkisfyrirtæki — vegna stærðar sinnar og framleiðslu — sem öll þjóðin notar í einhverjum mæli. Hún er jafnframt dæmi um það að ríkið getur rekið þjóðnýtt fyrirtæki af myndarskap. Hefur núverandi iðnaðarráðherra verið óspar á lof um verksmiðjuna

hvar sem hann hefur komið því við. Við teljum því alveg fráleitt að breyta eignagrundvelli verksmiðjunnar af einhverjum annarlegum ástæðum — einungis formsins vegna — og stofna fyrirtæki í tvísýnu sem þjóðinni hefur reynst vel í tæp 30 ár.

Sementsverksmiða ríkisins hefur á 27 ára starfstíma mætt ýmsum erfiðleikum, eins og samdrætti í sölu, óskynsamlegum verðlagsákvæðum o. fl. Hún hefur sigrast á þeim öllum og aldrei staðið betur að vígi með framleiðslu á góðu og ódýru sementi en einmitt nú. Þannig gegnir hún mikilvægu hlutverki í þágu allrar þjóðarinnar. Hún er og á að vera dýrmæt sameign hennar. Hún var á sínum tíma byggð fyrir lánsfé en af bjartsýni og kjarki. Talið er að bygging slíkrar verksmiðju kosti í dag 1—2 milljarða króna. Svo eru höfundar frumvarpsins hugsjúkir yfir því að slík verksmiðja skuldi 153 millj. kr. og ákalla peningamenn landsins um hjálp í formi hlutabréfakaupa. Þetta hefði einhvern tíma þótt ríslágur málf lutningur og lítt sæmandi frjálsbornum mönnum á ofanverðri 20. öld.

Umrætt frumvarp er að okkar dómi alger tímaskekkja. Við mælum því gegn frumvarpinu og teljum það ekki aðeins þarflaust heldur og andstætt hagsmunum verksmiðjunnar og framtíðarmöguleikum hennar.“

Þá kom fram álitserð frá stjórnarformanni — Ásgeiri Péturssyni — sem studd var af honum einum, þess efnis að leggja til að frumvarp iðnaðarráðherra yrði samþykkt.

#### **Álitserð Ásgeirs Péturssonar með frumvarpinu.**

„Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins hefur fengið frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins til umsagnar. Málefnið var rætt á tveimur fundum stjórnarinnar, hinn 10. apríl og 30. apríl 1985.

Ég undirritaður er samþykkur meginefni frumvarpsins og með tilvísun til greinargerðar þeirrar, er frumvarpinu fylgdi, legg ég til að frumvarpið verði samþykkt.“

Niðurstaða stjórnar S.R.

Samkvæmt framangreindum álitserðum skiptist stjórnin þannig í meiri hluta fjögurra stjórnarmanna sem eru andvígir frumvarpinu og minni hluta þar sem einn stjórnarmaður styður það.

#### **Fylgiskjal III.**

### UMSÖGN SAMBANDS BYGGINGAMANNA.

Iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis.

Reykjavík, 2. maí 1985.

Með bréfi dagsettu 28. mars s. l. óskar formaður iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis umsagnar Sambands byggingamanna um ofangreint frumvarp til laga eigi síðar en 15. apríl. Beðist er afsökunar á þeim drætti sem hefur orðið á að sinna þessum tilmælum.

Í frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórnin skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju. Gert er ráð fyrir að eftir nákvæmt mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til viðmiðunar við ákvörðun um heildarhlutafjárhæð félags um Sementsverksmiðju sé ríkisstjórninni heimilt að selja allt að 20% af hlutafjáreign ríkisins á almennum markaði.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m. a.:

- Beint framlag eigandans, ríkisins, var nær ekkert til Sementsverksmiðju ríkisins og verksmiðjan að mestu byggð fyrir lánsfé.
- Skuldir eru miklar og æskilegt að grynnna á þeim.
- Lánsfé hefur rýrnað, a. m. k. að því er varðar innlend fjárfestingalán, vegna verðbólgu.
- Eignamyndun hefur skapast fyrir fremur hátt verðlag á framleiðslunni því að auk framleiðslukostnaðar varð verð á sementi að standa undir afborgunum og vöxtum af byggingalánnum.
- Það hefur íþyngt fyrirtækinu frá öndverðu að eigandi þess lagði því ekki til fé að neinu ráði.
- Innborgað hlutafé hefði talsverðu getað breytt um stöðu fyrirtækisins, þar á meðal gert kleift að selja framleiðsluna á lægra verði.
- Ein leið út úr vandanum er að mynda hlutafélag um verksmiðjuna og selja á almennum markaði hlutabréf í henni.
- Hlutafélagiformið er viðurkennt og vel þekkt félagiform sem löggjafinn hefur sett ítarlegar reglur um.
- Þar eru nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar auk ákvæða um vernd réttar minni hluta eigenda.
- Með stofnun hlutafélags yrði aðilum, sem hafa áhuga á hagkvæmum rekstri þessa fyrirtækis, gefinn kostur á því að leggja því lið með ráðum, viðtækri reynslu, fjármagni og markaðsaðstöðu.

Að mati Sambands byggingamanna er lýsingin á stöðu fyrirtækisins ekki þess eðlis að hlutafjárkaup geti verið áhugaverð fyrir nokkurn aðila. En ef svo færi að einhver vildi leggja fé í hlutafélag um Sementsverksmiðju, þá eru ekki sjáanlega líkur á því, að það geti orðið til þess að lækka söluverð framleiðsluvörunnar sem nokkru nemur. Hvort sem um er að ræða hlutafélag eða annað eignafarm þá þarf væntanlega að greiða afborganir og vexti af lánnum auk framleiðslukostnaðar. Ef tækist að selja hlutafé sem væri nægilegt til þess að greiða verulegan hluta lánanna sem íþyngja verksmiðjunni er sá háttur ef til vill eftirsóknarverður fyrir núverandi eiganda en þar sem ekkert kemur fram um eigna- eða skuldastöðu félagsins er erfitt að ráða í það hvort þetta er raunhæfur kostur. Þeir sem kæmu hugsanlega til með að leggja fé í hlutafélag um sementsverksmiðju munu án efa gera arðsemiskröfur sem miðað við núverandi ástand yrðu varla til þess að hægt væri að gera sér vonir um að sementsverð lækkaði frá því sem nú er. Þó geta komið til áhugamenn um stjórnunaráhrif í verksmiðjunni sem engar arðsemiskröfur gera. Það væri óæskilegt. Kostina, sem taldir eru til hlutafélagiforminu, getur löggjafinn að sjálfsögðu látið koma fram í lögum um Sementsverksmiðju ríkisins án þess að selja hlutabréf á almennum markaði.

Niðurstaða Sambands byggingamanna er því sú að aðrar leiðir séu æskilegri en sala hlutafjár í félagi um Sementsverksmiðju án þess að ljóst sé um verðmæti Sementsverksmiðju ríkisins og án þess að með nokkru móti sé ljóst hvort notendur sements eða varnings, sem inniheldur sement, hafi áhuga á að gerast hluthafar.

Ásmundur Hilmarsson.  
(sign.)

#### Fylgiskjal IV.

### UMSÖGN BÆJARSTJÓRANS Á AKRANESI.

Iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis.  
b/t Þorv. Garðars Kristjánssonar, form.

Akranesi, 18. apríl 1985.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 28. mars 1985, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Sementverksmiðju ríkisins, 382. mál.

Rétt þykir að takmarka umsögn vora við þau ákvæði frumvarpsins sem beinlínis snerta bæjarsjóð Akraness og er í því sambandi vísað til 5. gr. þar sem kveðið er á um að fyrirtækið skuli greiða landsútsvar er nemi 1% af aðstöðugjaldsstofni.

Það er eindregin skoðun vor að eðlilegt sé að Sementsverksmiðja ríkisins greiði aðstöðugjöld í sveitarsjóð í samræmi við lög nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, enda njóti fyrirtækið hér eftir sem hingað til sams konar þjónustu af hálfu Akraneskaupstaðar og önnur fyrirtæki hér í bæ sem gjaldskyld eru samkvæmt ákvæðum nefndra laga.

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á þýðingu 5. gr. frumvarpsins fyrir bæjarsjóð Akraness þar sem Akraneskaupstaður er í hópi tekjulægstu kaupstaða á landinu og nýtur af þeim sökum hæsta aukaframlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Lágur tekjur bæjarsjóðs Akraness miðað við íbúafjölda má fyrst og fremst rekja til lágra og jafnvel engra tekna af öflugum fyrirtækjum sem fjölmargir Akurnesingar starfa við. Er þess vinsamlegast vænst að háttvirt iðnaðarnefnd taki þau málefni til athugunar í umfjöllun sinni um Sementsverksmiðju ríkisins og lýsum vér oss reiðubúna til viðuræðna þar um verði eftir því leitað.

Með vinsemd og virðingu,  
Ingimundur Sigurpálsson, (sign.),  
bæjarstjóri.

#### **Yfirlit yfir greiðslur Sementsverksmiðju ríkisins og Járnblendiverksmiðju til Akraneskaupstaðar og Skilmannahrepps.**

	Landsútsvar (þús. kr.)			Fasteignagjöld (þús. kr.)		
	Sements- verksmiðjan <sup>1)</sup>	Jánblend- verksmiðjan <sup>2)</sup>	Alls	Sements- verksmiðjan <sup>1)</sup>	Járnblend- verksmiðjan <sup>2)</sup>	Alls
1983 .....	889	825	1 714	1 184	2 700	3 884
1984 .....	1 389	1 424	2 814	1 779	3 800	5 579
1985 .....	1 715 <sup>3)</sup>	1 625 <sup>3)</sup>	3 340 <sup>3)</sup>	2 240	5 300	7 540

<sup>1)</sup> Greiðslur til Akraneskaupstaðar.

<sup>2)</sup> Greiðslur til Skilmannahrepps.

<sup>3)</sup> Áætlaðar tölur.